



Fundargerð

Háskólaráðsfundur Háskólans á Hólum 3/2026

Dagsetning: 19.3. 2026 kl. 15:00-16:30

Staðsetning: Teams

Fundinn sátu eftirtalin: Hólmfríður Sveinsdóttir (HS), Sveinn Margeirsson (SM), Guðrún Jóhanna Stefánsdóttir (GJS), Berglind Víktorsdóttir (BV) varafulltrúi, Camille Leblanc (CL) og Jóhanna Ey Harðardóttir (JEH), fulltrúi ráðherra. Einar Kristinn Guðfinnsson (EKG) og Sólveig Birna Elísabetardóttir (SBE) nemendafulltrúi, tilkynnti forföll. Hólmfríður Sveinsdóttir, ritaði fundargerð.

Dagskrá 120. fundar:

- 1) Dagskrádrög fundar 120
- 2) Fundargerð fundar nr. 119
- 3) Kynning á starfi gæðastjóra HH – Anna Jóna Kristjánsdóttir kemur inn á fundinn.
- 4) Námsreglur, uppfærsla – Lára Gunndís Magnúsdóttir kemur inn á fundinn.
- 5) Fréttir úr starfi skólans
- 6) Myndun háskólasamstæðu HÍ og HH
- 7) Uppbygging framtíðarhúsnæðis HH
- 8) Endurreisn Hóla í Hjaltadal.
- 9) Önnur mál

Afgreiðslur:

1. **Dagskrádrög** fundar nr. 120. Samþykkt.
2. **Fundargerð** fundar nr. 119. Samþykkt.
3. **Kynning á starfi gæðastjóra.** Anna Jóna Kristjánsdóttir kom inn á fundinn og sagði frá undirbúningi fyrir gæðaúttekt og stefnumótun.
4. **Námsreglur, uppfærsla.** Lára Gunndís Magnúsdóttir, kennslustjóri kom inn á fundinn og fór í gegnum ferilinn við uppfærsluna og helstu breytingar. Minniháttar athugasemdir komu fram á fundinum varðandi málfar og að skýrar þyrfti að koma fram í kafla 2.7. og 2.11. að um ákveðnar námsbrautir geti átt við sértækar reglur svo sem námsbrautir sem eru boðnar í samstarfi við aðra háskóla. Háskólráð samþykkti einróma uppfærsluna gegn því að athugasemdirnar yrðu leiðréttar. Kennslustjóra var falið að leiðrétta athugasemdirnar.



5. **Fréttir úr starfi skólans.** Rektor fór yfir fréttir úr starfi skólans. Háskóladagurinn gekk vel, ráðstefna í viðburðarstjórnun er ný afstaðin sem og ráðstefna í Fiskeldis- og fiskalíffræðideild, rektor undirritaði f.h. HH samning um nýja BS námsleið með HA í lagareldi, heimsóknir til Hestafræðideildar frá öðrum skólastigum í Skagafirði, kennslusýning í Víðidal á næstunni og fyrirhuguð viðbrögð HH v/slæmrar útkomu í Stofnun ársins. Rektor HÍ ásamt rektor HH funduðu með starfsfólki HH í gær.
6. **Myndun háskólasamstæðu HÍ og HH.** Rektorar HÍ og HH ásamt fulltrúum skólanna hafa fundað með Allsherjar og menntamálanefnd vegna frumvarps um breytingu á lögum um opinbera háskóla (háskólasamstæða). Fundirnir hafa gengið vel. Vinnustofa um markaðs- og kynningarmál var haldin á Hólum í vikunni.
7. **Uppbygging framtíðarhúsnæðis HH.** Lóðarleigusamningur milli háskólaráðuneytis og sveitarfélagsins Skagafjarðar í bígerð fyrir lagareldishús.
8. **Endurreisn Hóla í Hjaltadal.** Yfirlýsing barst til háskólaráðs frá íbúum og hollvinum Hóla og Háskólans á Hólum. Farið verður yfir yfirlýsinguna á næsta fundi háskólaráðs þar sem ekki náðist að undirbúa málið fyrir fundinn. Í millitíðinni mun rektor bjóðast til að koma á fund íbúa og hollvina ásamt Margréti Hallgrímsdóttur, formanni framkvæmdahóps forsætisráðuneytisins um Hóla í Hjaltadal.
9. **Önnur mál.** Engin önnur mál.

Fundi slitið kl. 16:30